



Reykjavík 2. desember 2022

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja

Í samráðsgátt stjórnvalda birtust 22. nóvember 2022 drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 65/2015 um leigu á skráningarskyldra ökutækja. Með drögunum er ætlað samræma löggin að tillögum OECD á sviði ferðaþjónustu. Um er að ræða síðari hluta lagabreytinga stjórnvalda í samræmi við tillögum OECD í þeim tilgangi að halda áfram að bæta rekstrarskilyrði íslenskrar ferðaþjónustu. Drögin að frumvarpinu hafa verið rædd á vettvangi ökutækjaleigna hjá Samtökum ferðaþjónustunnar – SAF og neðangreindar athugasemdir eru tilkomnar eftir það samtal.

Föst starfsstöð?

Ökutækjaleigur gera sér ekki alveg grein fyrir hvort um einföldun sé að ræða fyrir þeirra starfssemi. Ökutækjaleigur sjá ekki að föst starfsstöð sé einhver sérstök hindrun til að setja á stofn ökutækjaleigu. Sérstaklega í ljósi þess að í stað fastrar starfsstöðvar er gerð krafa um geymslustað. Samtökin gera því engar sérstakar athugasemdir við boðaða lagabreytingu og vona að hún verði ekki til þess að hún leiði til nýs verklags með nýjum hindrinum heldur eingöngu til þeirrar einföldunar sem OECD og ráðuneytið hugsa að hún sé.

Raunveruleg einföldun

Samtökin vilja benda ráðuneytinu á að það væri til bóta ef í reglugerð eða í lögum kæmi fram jákvæð regla um að leigusamningar gætu verið á rafrænu formi. Í 9. gr. reglugerðarinnar nr. 840/2015 kemur fram að leigusamningurinn skuli vera í tveimur eintökum, í 3. mgr., og í 5. mgr. kemur fram að leiguskið skulu prentaðir á bakhlið leigusamningsins. Svo í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur svo fram að varðveita skuli leigusamninginn í a.m.k. þrjú ár frá undirritun hans. Því er um að ræða mjög íþyngjandi reglur í framkvæmd. Samtökin óska eftir að skylda um að leigusamningar skuli vera skriflegir fari út og það komi jákvæð heimild að leigusamningar geti verið rafrænir. Samtökin líta svo á að það gæti verið nægjanlegt breyta reglugerð í þessu samhengi.

Öflugt eftirlit

Á samráðsgátt boðar ráðuneytið breytingar á reglugerð svo Samgöngustofa geti viðhaft öflugt eftirlit með ökutækjaleigum í þeim tilgangi að auka umferðaröryggi. Í reglugerð á að setja skilyrði á ökutækjaleigur að upplýsa erlendan viðskiptavin um ákveðna hluti, sem eru svo taldir upp. Samtökunum þykir þetta ánægjuleg upptalning. Um er að ræða upptalningu á þeim atriðum sem nú þegar er verið að upplýsa erlenda leigutaka ökutækja um. Ökutækjaleigur hafa í fjölda ára átt í samráði við Samgöngustofu, Vegagerð og fleiri við að upplýsa alla erlenda viðskiptavini um þessa hluti með útgáfu og á svokölluðum

stýrisspjöldum. Sú vinna hefur átt ríkan þátt í að fækka slysum og atvikum í umferðinni. Það hefur verið í umræðunni hvort uppfæra þau skilaboð sem koma fram á stýrisspjöldum með öðrum hætti og annarri tækni.

Ein hugmynd hefur verið að beina allri upplýsingagjöf í gegnum Safe travel (saftravel.is) og smáforrit tengt þeim vettvangi sem upplýsir ferðamenn m.a. um færð á vegum og aðrar aðsteðjandi hindranir. Stjórnvöld gætu og ættu að setja meiri fjármuni í að vinna með ökutækjaleigum við að efla núverandi upplýsingagjöf og miðla þeim fjármunum sem hafa farið í stýrisspjöldin og tryggja þannig að allir gefi samræmdar upplýsingar. Ökutækjaleigur eru boðnar og búnar að aðstoða stjórnvöld að miðla öryggisupplýsingum til ferðamanna og fagna allri umræðu sem snýr að auknu öryggi.

Samtökin leggjast alfarið gegn þeim hugmyndum að skylda leigur til að telja öryggisatriði upp í leigusamning. Það er ekki rétta leiðin til að efla forvarnir og mikilvægt að upplýsingagjöfin sé skilyrt með skynsamlegri hætti eins og áður er lýst. Samræming innan skilmála gengur einnig gegn eðli samkeppnisréttar og ótrúlegt að stjórnvöld skuli láta sér detta í hug að leggja slíkt til.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri